

Reykjavík 05. nóvember 2014

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um frumvarp til laga um sérhæfða þjónustumiðstöð á sviði heilbrigðis- og félagsþjónustu. Þingskjal 295 – 257. mál.

(Lagt fyrir Alþingi á 144. löggjafarþingi 2014–2015.)

Barnaheill – Save the Children á Íslandi fagna fyrirætlunum um að bæta aðgengi einstaklinga með fötlun eða þroskahamlanir að heildstæðri þjónstu.

Samtímis lýsa Barnaheill áhyggjum sínum af allt of löngum biðtíma barna með þroskafrávik og fatlanir eftir greiningu á Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, sem í dag sinnir einungis börnum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir útvíkkuðu hlutverki Greiningarstöðvarinnar því henni er ætlað að sinna greiningu á vanda fullorðinna einstaklinga líka.

Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem nú hefur lagagildi á Íslandi, skulu ríki virða rétt barna til menntunar og besta mögulega heilsufars án mismununar af nokkru tagi. Greining vanda hjá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins er forsenda þess að börn njóti þeirrar þjónustu sem þau þurfa til að geta notið menntunar og besta mögulega heilsufars. Við allar ákvarðanir ríkisins, þ.á m. löggjafans þarf að gæta að sjónarmiðinu um það sem barni er fyrir bestu. Því þarf að fara fram raunverulegt mat á því hvort sú ráðstöfun sem hér er lagt til að verði framkvæmd skili sér í bætту lífi barna sem þurfa á þjónustunni að halda.

Til þess að það markmið náist að bæta aðgang notenda þjónustunnar þarf að stórefla starfsemi Greiningarmiðstöðvarinnar eða hinnar nýju þjónustumiðstöðvar með auknum

fjárframlögum og fjölgun starfsfólks. Gæta þarf að því að sérfræðipækking varðveitist og nýtist áfram þeim börnum sem bíða greiningar og þjónustu.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri